

Umsögn Félags íslenskra heimilislækna um Tillögu til þingsályktunar um þjóðarmarkmið um fastan heimilislækni og heimilisteymi.

Félag íslenskra heimilislækna fagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu heimilislækninga og grunnþjónustu heilsugæslunnar.

Hlutfallslegur fjöldi heimilislækna hér á landi miðað við íbúafjölda er í sögulegri lægð og langt undir því sem gerist í okkar helstu samanburðarlöndum. Á sama tíma fjölgar stöðugt verkefnum heilsugæslunnar, meðalaldur íbúa landsins eykst og þar með þjónustuhörf þeirra. Þannig hefur sjaldan verið meira bil á milli eftirspurnar þjónustu og möguleika á framboði í grunnþjónustu heilsgusælnnar.

Það er okkur sem störfum í heilsugæslunni augljóst að gangskör þarf að verða í að bæta úr.

Þjóðarmarkmið um að allir eigi sinn heimilislækni passar vel við grunngildi starfs okkar og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á ávinningi sem það felur í sér fyrir lýðheilsu þjóðar. Þá má minnst á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur endurtekið lagt áherslu á mikilvægi þess að grunnþjónustu sé vel sinnt, síðast með Astana yfirlýsingunni 2018.

Greiningar hagfræðinga hafa sýnt að öflug heilsugæsla sé fjárhagslega hagkvæm leið til að bæta heilsu þjóðar og loks hafa rannsóknir endurtekið sýnt að með langtíma eftirfylgd sama heimilislækni dragi úr notkun á bráðþjónustu, innlögnum á sjúkrahús og lífslíkur aukist eins og tekið er fram í greinagerð við ályktunartillöguna.

Þingsályktunartillagan er einnig í takt við nýlega reglugerð sænska þingsins sem setti fram áætlun um að samlag heimilislækna í Svíþjóð skyldi ekki vera stærra en 1100 skjólstæðingar svo hægt væri að sinna þeim fyllilega vel. Þá hefur nýleg endurskoðun íslenskra heimilislækna á staðli sínum fært töluna úr 1500 niður í 1200 vegna aukinnar verkefnaþyngdar í þýði heilsugæslunnar og þætti okkur rétt að vísa í þá tölu frekar en töluna 1500. Staðan á höfuðborgarsvæðinu nú er að upb 2500 skjólstæðingar eru á hvern sérfræðing í heimilislækningum.

Í ályktuninni er vísað í heimilisteymi en ekki er frekar skilgreint hvað þau feli í sér, hver hæfni starfsmanna eigi að vera, hvaða verkefnum þau eigi að sinna og þá hvort einhverjar greiningar hafi farið fram á hagkvæmni slíkra teyma. Því vill félagið benda á að varlega þurfi að fara varðandi innleiðingu teyma á blaði sem mögulega eru eingöngu sett fram til að fela þann vanda enn frekar sem skortur á heimilislæknum felur í sér.

Fyrri aðgerðir ríkistjórnar hafa farið illa með þjónustu heilsugæslunnar, meðal annars á þann hátt að leyfa ekki stöðvun á skráningu á heilsugæslustöðvar, leyfa „steypuskráningar“ á stöðvar þó ekki séu lækna til að sinna þeim skjólstæðingum sem skrá sig. Þannig gæti hugmyndin um heimilisteymi verið enn ein tilraunin til að breiða yfir slík vandamál.